

EFTIRLITSSKÝRSLA

Ísfélag Vestmannaeyja Vestmannaeyjar



Dags eftirlits	19.2.2015	Fulltrúi UST	Eva Dögg Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Ísfélag Vestmannaeyja	Fulltrúi UST	
Heimili	Strandvegi 29	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660169-1219	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Páll Scheving	ÍSAT nr.	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	436690,981 326978,971

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Nýtt starfsleyfi fyrir starfssemina tók gildi 27. ágúst 2014 og gildir til 2030.

Í eftirliti síðasta árs komu fram tvö frávik frá starfsleyfi. Annars vegar brennsla úrgangsolíu, sem er frávik frá reglugerð 739/2003, og hinsvegar frávik frá grein 2.17 í starfsleyfi þar sem fita, svif og COD mældist verulega yfir starfsleyfismörkum. Verksmiðjan brennir enn úrgangsolíu og því er frávikíð enn til staðar. Umhverfisstofnun hefur áminnt Ísfélagið vegna þessa fráviks og er málið áfram í eftirfylgni farvegi hjá stofnuninni. Þá hefur Ísfélagið ekki sýnt fram á að fita, svif og COD séu innan starfsleyfismarka og er það frávik því einnig enn til staðar. Frárennismælingar voru endurteknaðar en reyndust ófullnægjandi.

Nýtt frávik kom fram við eftirlitið, frá grein 3.2 í starfsleyfi. Framkvæma átti mælingar á ryki í útblæstri allra olúbrennara fyrir árslok 2014 en það var ekki gert.

Mjög snyrtilegt var í verksmiðju og umhverfi hennar. Hreinsibúnaður fyrir frárennslisvatn virðist vandaður og traustvekjandi og rekstraraðili er sannfærður um virkni hans. Umhverfisstofnun hvetur því rekstraraðila til að framkvæma áreiðanlegar frárennismælingar til að sannreyna virkni búnaðarins og uppfylla skilyrði starfsleyfisins.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst með fundi. Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands var einnig með á staðnum. Verksmiðjan var í gangi þegar eftirlitið fór fram, verið var að vinna loðnu.

Rætt var um olíunotkun. Rekstraraðili staðfesti að verksmiðjan brennir enn úrgangsolíu.

Rekstraraðili afhenti eftirlitsaðili niðurstöðu frárennismælinga sem fram fóru í desember 2014. Svo virðist sem fita hafi eingöngu verið mæld, en ekki svif og COD, og eru niðurstöðurnar á því formi að ekki er hægt að sjá hvort fitu innihald frárennslisins sé innan marka starfsleyfis. Eftir eftirlitið sendi eftirlitsaðili rekstraraðila leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um framkvæmd frárennismælinga (sbr. Tölvupóst frá 27. febrúar 2015). Rekstraraðili kom þeirri skoðun sinni á framfæri að frárennismælingar frá apríl 2013, þar sem starfssemin mældist yfir mörkum í fitu, COD og svifi, væri rangar þar sem vökvamagnið hefði verið rangt metið. Eftirlitsaðili ítrekaði þá mikilvægi þess að framkvæma nýja mælingu til að skera úr um hvort frárennilið sé yfir mörkum eða ekki.

Rætt var um viðhald, skráningar og eftirlit með bilunum í mengunarvarnarbúnaði. Öryggisblöð efna voru yfirfarin og voru þau aðgengileg í möppu.

Spurt var um tæmingu fitugilda og fengust þau svör að þær væru tæmdar eftir hverja notkun, s.s. alltaf þegar vinnsla stöðvast.

Eftirlitsaðili minnti rekstraraðila á að senda Umhverfisstofnun TVN-gildi í lok hverrar vertíðar, sbr. Grein 3.2 í starfsleyfi.

Þá var rætt um heildarúttekt á losun mengandi efna, sbr. Grein 5.2 í starfsleyfi, en framkvæma skal frárennismælingar fyrir helstu tegundir bræðslufisks og skila skýrslu með helstu niðurstöðum og mati á heildarlosun lífrænna efna fyrir 1. maí 2016.

Einnig var rætt um mælingar á ryki í útblæstri olúbrennara en það átti að mæla og skila Umhverfisstofnun niðurstöðum fyrir árslok 2014. Mælingin hefur ekki farið fram en verður framkvæmd á

yfirstandandi loðnuvertíð að sögn rekstraraðila.

Rekstraraðili sýndi myndir af nýjum loka sem hefur verið pantaður í lekavarnarþróunna. Lekavarnarþróin er fullnægjandi eins og hún er og er.

Rætt var um úrgang frá starfsseminni og meðhöndlun hans. Magn úrgangs og tegund er ekki skráð sérstaklega, en kröfur bæjaryfirvalda um aukna flokkun og kostnaður við förgun óflokkaðs úrgangs veita aðhald í þessum málaflokki. Málmar og timbur er flokkað frá. Þá tekur bæjarfélagið frítt við plasti og pappa, en borgað er fyrir förgun á öðru.

Minnt var á að verksmiðjan skal setja sér umhverfismarkmið og skulu þau liggja fyrir eigi síðar en 1. júní 2015.

Í lok eftirlitsheimsóknarinnar var fitugildran skoðuð, ásamt frárennslis síum. Þá var lekavarnarþróin einnig skoðuð.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Grein 3.2 í starfsleyfi

Frárennslismælingar ársins 2014 eru ófullnægjandi. COD og svif var ekki mælt. Þá eru niðurstöður fyrir fitu ekki sýndar með réttari mælieiningu svo erfitt er að meta hvort fita sé innan starfsleyfismarkna.

Reglugerð 739/2003

Verksmiðjuolía (úrgangsolía) er notuð á olúkatla en rekstraraðili hefur ekki heimild í starfsleyfi til að brenna henni.

Grein 3.2 í starfsleyfi

Framkvæma átti mælingar á ryki í útblæstri frá olíubrennara fyrir árslok 2014, sbr. grein 3.2 í starfsleyfi. Mælingin hefur ekki verið framkvæmd en er á dagskrá.

Reykjavík, 30.03.2015

Eva Dögg Kristjánsdóttir

Eva Dögg Kristjánsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.